Samfélagsspor Arnarlax árið 2020

10. maí 2021

ARNARLAX

pwc



Efnisyfirlit

01 Samfélagsspor

02 Um Arnarlax

03 Samantekt

04 Tekjuskattur

05 Skattar tengdir launagreiðslum

06 Mótframlag í lífeyrissjóði

07 Gjöld til umhverfissjóðs

08 Auðlindagjald

09 Aðrir skattar/ og styrkir

01 Samfélagsspor

Hvað er samfélagsspor?

Samfélagsspor er samantekt fyrir íslensk fyrirtæki til að sýna með einföldum hætti framlag þeirra til samfélagsins, m.a. í formi skatta og opinberra gjalda.

Um er að ræða stutta samantekt sem veitir upplýsingar um það hvaða skatta og gjöld fyrirtækið greiðir. Jafnframt eru settar fram aðrar upplýsingar sem talið er að auki skilning á þeim virðisauka sem fyrirtækið skapar með rekstri sínum.

Umfjöllun um skattgreiðslur fyrirtækja í fjölmiðlum getur falið í sér þá áhættu að hlutir geta verið teknir úr samhengi eða ofuráhersla lögð á einstaka gjöld eða skatta. Með samfélagsspori er gefin heildstæð mynd af öllum sköttum og gjöldum sem renna til opinberra aðila í einni samantekt.

Með skýrslu um samfélagsspor er hægt að öðlast góða yfirsýn yfir skatta og gjöld. Hægt er að nota skýrsluna til að veita almenningi innsýn í skattaumhverfi viðkomandi fyrirtækis og jafnframt til þess að bregðast hratt við fyrirspurnum einstaklinga eða fjölmiðla eða vegna mögulegs óskýrleika í opinberri umræðu.

Upplýsingarnar í skýrslunni geta einnig verið þáttur í innri upplýsingagjöf og komið að notum við gerð viðskiptaáætlana auk þess sem skattgreiðslur kunna að gefa stjórnendum samanburðarupplýsingar um innri hlutföll í rekstri fyrirtækisins á milli ára.

Upplýsingar sem settar hafa verið fram í þessari skýrslu um samfélagsspor Arnarlax byggja á ársreikningum samstæðunnar, yfirlitum og upplýsingum frá opinberum aðilum og öðrum gögnum frá Arnarlaxi.

02 Um Arnarlax

Arnarlax var stofnað árið 2009 af hópi fólks sem flest átti rætur og tengingar vestur á firði og vildi leggja sitt af mörkum til byggja undir atvinnulíf á svæðinu. Þetta fólk hafði trú á vestfirsku samfélagi og sá tækifæri í að nýta skjólgóða firði og hreinan sjó til að ala fyrsta flokks lax.

Arnarlax fékk fyrstu framleiðsluleyfi árið 2012 og árið 2014 var sett í fyrsta kvíabólið, strangir framleiðslustaðla fyrir laxeldi innleiddir, fjárfest í þjónustuskipi og hafist handa við að bæta eldis- og framleiðsluaðstöðu fyrirtækisins. Framleiðslutími, frá hrogni til fyrstu uppskeru, er að meðaltali þrjú ár og í lok árs 2016 var fyrsti sölureikningur fyrirtækisins gefinn út. Þann 1. júlí árið 2017 keypti Arnarlax félagið Fjarðalax og við það varð starfsemin umfangsmeiri. Fjarðalax hafði þá hafið ræktun á sjöundu kynslóð laxa í sjó.

Dótturfélögin Fjarðalax og Bæjarvík voru sameinuð Arnarlaxi á árinu 2020. Þá var nafni móðurfélagi Arnarlax breytt í Icelandic Salmon og félagið skráð á Euronext Growth equity trading market í norsku kauphöllinni auk þess sem hlutafé var aukið um 40 millj. EUR. Ekki er tekið tillit til samfélagsspora Eldisstöðvarinnar Ísþórs hf. í Þorlákshöfn, sem er 50% í eigu Arnarlax, í þessari samantekt þar sem upplýsingar voru ekki fyrirliggjandi þegar samantektin var unnin.

Arnarlax er í dag stærsta fiskeldisfyrirtæki á Íslandi. Hjá Arnarlaxi starfa yfir 130 manns á Bíldudal, Patreksfirði, Tálknafirði, Hafnarfirði, Þorlákshöfn og Bolungarvík. Arnarlax rekur eigin sjókvíar og framleiðslustöðvar fyrir eigin afurðir og hefur leyfi upp á 25.200 tonn af hámarkslífmassa. Í dag eru tekjurnar orðnar reglulegar yfir allt árið og með aukinni framleiðslu hefur hlutfallslegur framleiðslukostnaður lækkað.



02 Um Arnarlax

Framlag Arnarlax til samfélagsins er með ýmsum hætti, meðal annars með greiðslu launa og tengdra gjalda, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum, greiðslu fjármagnsgjalda, styrkjum, auk greiðslu skatta og gjalda til yfirvalda.

Meðalfjöldi starfsmanna Arnarlax var 119 á árinu 2020 og þar af voru 102 starfsmenn búsettir í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var meðaltal áætlaðs vinnuafls í þessum sveitarfélögum um 733 á árinu 2020. Um 14% af áætluðu vinnuafli sveitarfélaganna tveggja starfaði hjá Arnarlaxi á árinu 2020. Að auki starfa margir íbúar við afleidd störf sem skapast hafa vegna reksturs Arnarlax.

Neðangreindar upplýsingar varðandi rekstrarárið 2020 eru fengnar frá stjórnendum Arnarlax. Skattar og gjöld til yfirvalda eru sýnd sem sérstakur liður og er ekki innifalinn í áðurtöldum rekstrarliðum.

Verðmætasköpun til samfélagsins	**2020**	
	Ísland	Þar af starfssvæði Arnarlax
Launakostnaður (án skatta/gjalda)	1.496,6	1.213,6
Greiðslur til íslenskra þjónustuaðila	16.161,7	7.702,2
Vörukaup af íslenskum aðilum	1.902,9	587,3
Greiddir vextir í íslensku samfélagi	25,3	
Skattar og gjöld til yfirvalda	765,1	

03 Samantekt

Greiddir skattar og gjöld (m.kr.)	2020	2019	2018
Tryggingagjald	80,8	75,1	63,9
Mótframlag í lífeyrissjóði	142,8	129,1	99,8
Gjöld til umhverfissjóðs	86,5	45,7	39,9
Auðlindagjald	21,0		
Aflagjöld	76,8	63,1	39,7
Önnur gjöld til hafnarsjóða	29,4	15,0	6,3
Bein vörugjöld og tollar	9,7	12,5	9,2
Fasteignagjöld	4,9	5,2	4,9
Aðrir skattar og gjöld	13,1	16,8	9,3
	465,0	**362,5**	**273,0**
Innheimtir skattar			
Staðgreiðsla starfsmanna	315,6	275,9	218,7
Aðrir skattar starfsmanna	5,5	5,9	4,1
	321,1	**281,8**	**222,8**
Skattar og gjöld alls	**786,1**	**644,3**	**495,8**

Greiddir skattar og gjöld 2020

hlutfallsleg skipting



03 Samantekt

Skattar og gjöld Arnarlax til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða námu samtals 765 millj. kr. Greiðslur til ríkis og sveitarfélaga voru 786 millj. kr. og hækkuðu um 22% milli áranna 2019 og 2020. Hækkunin fólst m.a. í hækkun skatta og gjalda vegna launagreiðslna, hækkun á gjaldi í umhverfissjóð og nýju auðlindagjaldi. Hlutfallsleg skipting milli ríkis og sveitarfélaga er óbreytt milli áranna 2019 og 2020.





04 Tekjuskattur

Tekjuskattur reiknast af hagnaði ársins. Fjárhæðin skiptist í tvennt, annars vegar skatt sem kemur til greiðslu á næsta ári og hins vegar frestaðan skatt sem greiðist seinna. Gildandi skattprósenta er 20%.

Tap varð af rekstri Arnarlax á árinu 2020 og verður tekjuskattur því ekki greiddur á komandi ári.

Arnarlax hefur staðið í mikilli uppbyggingu og hefur lagt út fyrir miklum kostnaði vegna starfseminnar á undanförnum árum. Fyrirhugaðar eru áframhaldandi stækkanir og framleiðsluaukning, sem áætlað er að skili hagnaði þegar fram í sækir. Myndin hér að neðan sýnir hvernig slátrað magn hefur aukist á árunum 2012 til 2020. Þar má einnig sjá hvernig áætlað er að sláturmagn þróist fram til ársins 2025.



05 Skattar tengdir launagreiðslum

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2020 hjá Arnarlaxi var um 119 starfsmenn en á árinu 2019 voru starfsmenn Arnarlax 111. Til viðbótar starfa verktakar fyrir Arnarlax við ýmis verkefni.

Auk þeirra beinu starfa í fiskeldi sem Arnarlax skapar, myndast líka afleidd störf í þjónustu og aukinni umsýslu. Sem dæmi um þau afleiddu störf sem skapast við fiskeldi má nefna þjónustustörf, störf við afurða- og fóðurflutningar, eftirlitsstörf og margt fleira.

Af launum hvers starfsmanns reiknast skattar og opinber gjöld. Vinnuveitandi sér um að halda eftir staðgreiðslu af launum og svokölluðum launaafdrætti og skila til Ríkisskattstjóra. Staðgreiðsla af launum skiptist í tvennt: Annars vegar tekjuskatt einstaklinga sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélagsins þar sem starfsmaðurinn er búsettur.

Tryggingagjald er gjald sem rennur m.a. í atvinnuleysistryggingasjóð, fæðingarorlofssjóð og til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Heildarlaunakostnaður Arnarlax nam 1.497 millj. kr. á árinu 2020 samanborið við 1.338 millj. kr. árið 2019. Árið 2020 skilaði Arnarlax 316 millj. kr. í staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna og greiddi 81 millj. kr. í tryggingagjald. Árið 2019 skilaði samstæðan 276 millj. kr. í staðgreiðslu og greiddi 75 millj. kr. í tryggingagjald.



Skattar tengdir launagreiðslum námu 402 milljónum króna árið 2020, þar af 316 milljónir kr. í staðgreiðslu skatta og 81 milljón kr. í tryggingagjald.

06 Mótframlag í lífeyrissjóði

Starfsmenn Arnarlax greiða lögum samkvæmt 4% iðgjald af launum sínum í lífeyrissjóði, auk þess sem þeir geta valið að greiða framlag í séreignasjóði. Arnarlax greiðir 11,5% mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna auk þess sem mótframlag er greitt á móti framlagi starfsmanna í séreignasjóði.

Um það bil 61% starfsmanna hafa valið að greiða í séreignasjóði. Af þeim sem greiða í séreignasjóð hafa 55% valið að greiða 4% af launum en 45% greiða 2% af launum í séreignasjóði.

Fyrir Arnarlax starfa auk þess margir verktakar og sjá þeir sjálfir um að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóði.

Heildargreiðslur sem mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna á árinu 2020 voru 143 millj. kr. samanborið við 129 millj. kr. á árinu 2019.



Arnarlax greiðir 11,5% mótframlag af launum í lífeyrissjóð starfsmanna en einnig er greitt mótframlag á móti framlagi starfsmanna í séreignasjóði. Samtals námu framlög í lífeyrissjóði 143 millj. kr. á árinu 2020.

07 Gjöld til umhverfissjóðs

Umhverfissjóður sjókvíaeldis starfar á grundvelli laga nr. 71/2008, um fiskeldi, og er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Handhafar rekstrarleyfa til sjókvíaeldis greiða árgjald til sjóðsins og greiddi Arnarlax 87 millj. kr. til sjóðsins á árinu 2020 samanborið við tæplega 46 millj. kr. á árinu 2019, 40 millj. kr. á árinu 2018 og 27 millj. kr. á árinu 2017.

Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu m.a. með því að fjármagna verkefni, sem lúta að því að aðlaga fiskeldi hér á landi sem mest að þeim umhverfisskilyrðum sem fyrir hendi eru og lágmarka þannig umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, sjálfbærni vöktunar fiskistofna og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður.

Á árinu 2019 hafði sjóðurinn rúmar 88 millj. kr. til úthlutunar og námu greiðslur Arnarlax til sjóðsins á árinu 2019 því rúmlega 50% af veittum styrkjum sjóðsins á því ári. Engar úthlutanir voru til Arnarlax á árunum 2019 og 2020.

Sjóðurinn hafði 195 millj.kr. til úthlutunar á árinu 2020 og námu greiðslur Arnarlax til sjóðsins á árinu 2020 því rúmlega 44% af úthlutunarfé sjóðsins á því árinu. Engar úthlutanir voru til Arnarlax á árunum 2019 og 2020.



Gjöld til umhverfissjóðs námu 87 millj. kr. á árinu 2020 en þau hafa hækkað um 219% frá 2017.

08 Auðlindagjald

Lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð tóku gildi á árinu 2019 og var gjaldið lagt á vegna fisks sem slátrað var frá og með 1. janúar 2020. Skyldu til greiðslu gjalds vegna fiskeldis í sjó ber rekstrarleyfishafi fiskeldisstöðvar samkvæmt lögum um fiskeldi.

Fiskistofa skal ákvarða og birta fjárhæð gjaldsins í samræmi við viðmið sem sett eru í 2. gr. laga nr. 89/2019. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna nam fjárhæð gjaldsins 1/7 af reikningsstofni árið 2020 og mun nema 2/7 árið 2021, 3/7 árið 2022, 4/7 árið 2023, 5/7 árið 2024, 6/7 árið 2025 og frá og með 2026 verður innheimt að fullu í samræmi við lögin.

Auðlindagjald Arnarlax nam 21 millj. kr. vegna ársins 2020 og mun hækka verulega á næstum árum, en miðað við fullt gjald hefði það numið 147 millj. kr.

Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður sem hefur það hlutverk að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Í lögunum kemur fram að ráðstöfunarfé sjóðsins er fjárveiting hverju sinni af fjárlögum, en í frétt sem birt var að vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þann 26. febrúar 2021 kemur fram að áætlað er að sjóðurinn hafi 113 milljónir til umráða á árinu 2021.

Nýtt gjald vegna fiskeldis í sjó nam 21 millj. kr. vegna ársins 2020.

09 Aðrir skattar/gjöld og styrkir

Aðflutningsgjöld

Meðal annarra skatta og gjalda sem Arnarlax greiðir til ríkisins eru aðflutningsgjöld sem fyrirtækið greiðir vegna aðkeyptra aðfanga erlendis frá. Þar er um að ræða tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt af hinum ýmsu vörum sem greidd eru til ríkissjóðs, ýmist beint vegna eigin innflutnings en að stærstum hluta óbeint sem hluti af vöruverði til þriðja aðila.

Tollar sem greiddir voru af eigin innfluttum vörum Arnarlax námu 11,2 millj. kr. á árinu 2020 samanborið við 4,7 millj. kr. á árinu 2019.

Olíu- og kolefnisgjald

Á árinu 2020 voru 92 millj. kr. gjaldfærðar vegna kaupa á olíu og bensíni, þar af 28 millj. kr. vegna véla og bíla. Hluti af þessari gjaldfærslu er vegna olíu- og kolefnagjalds sem seljendur olíu og bensíns standa skil á til ríkissjóðs.

Olíugjaldið var 64,4 kr. pr. lítra á árinu 2020 en kolefnisgjaldið var á bilinu 10,25 til 14,45 pr. lítra. Olía til að nota á skip og báta er undanþegin olíugjaldi þegar í hana hefur verið bætt litar- og merkiefnum.

Styrkir

Arnarlax veitti ýmsa styrki til samfélagamála á árinu 2020 og námu þeir um 7,3 millj. kr. Þá er Arnarlax aðili að samstarfi um almenningssamgöngur milli byggðarlaga á sunnaverðum Vestfjörðum og greiðir fyrir aðgang að íþróttahúsum í heimabyggð, sem starfsmenn Arnarlax og aðrir íbúar njóta góðs af. Greiðslur v. samgangna og íþróttahús námu 11,9 millj .kr. á árinu 2020.

09 Aðrir skattar og gjöld

Ýmis gjöld til sveitarfélaga

Arnarlax er með megin starfsemi sína í Vesturbyggð og Tálknafirði. Í tengslum við þessar starfsstöðvar greiðir Arnarlax ýmis gjöld sem renna til sveitarfélaganna, meðal annars ýmis þjónustugjöld, gjöld vegna heilbrigðiseftirlits og gjöld til byggingarfulltrúa.

Aflagjöld eru greidd til hafnarsjóðs Vesturbyggðar á árunum 2019 og 2020 og námu þau tæplega 77 millj. kr. á árinu 2020 samanborið við tæplega 63 millj. kr. árið 2019. Samhliða aukinni framleiðslu / umsvifum aukast greiðslur vegna aflagjalda.

Vörugjöld eru greidd til hafnarsjóðs af fóðri sem fer á land og námu gjöldin tæplega 4,9 millj. kr. á árinu 2020 samanborið við tæplega 8 millj. kr. á árinu 2019.

Önnur gjöld til hafnarsjóða, þar á meðal hafnargjöld og stöðuleyfi, námu rúmlega 29 millj. kr. á árinu 2020 samanborið við rúmlega 15 millj. kr. á árinu 2019.

Fasteignagjöld eru gjöld sem árlega eru lögð á allar fasteignir. Þau skiptast m.a. niður í fasteignaskatt, lóðaleigu, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslu-stöðva. Er gjaldið hærra á atvinnuhúsnæði en á íbúðarhúsnæði.

Greidd fasteignagjöld ársins 2020 námu 4,9 millj. kr. samanborið við 5,2 millj. kr. á árinu 2019.

Arnarlax greiddi til sveitarfélaga 117,7 millj. kr. í ýmis gjöld á árinu 2020 samanborið við 92,5 millj. kr. á árinu 2019, þar af námu aflagjöld um 76,8 millj. kr. Mest var greitt til Vesturbyggðar á árinu 2020, eða 93,4 millj. kr.





Ýmis gjöld til sveitafélaga námu 117,7 millj. kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 27% milli ára.

- Öll framleiðsla Arnarlax er ASC vottuð. ASC (Aquaculture Stewardship Concil) er ein strangasta umhverfisvottun þegar kemur að fiskeldi og er þekkt og eftirsótt á krefjandi mörkuðum um allan heim.

- ASC vottunarstaðallinn hefur verið þróaður meðal annars af World Wildlife Fund (WWF) en til að fá vottun þurfa fyrirtækin meðal annars að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélag.

- Fyrirtæki sem standast ASC vottun skuldbinda sig til að lágmarka áhrif á umhverfi á ýmsa vegu. Taka þarf tillit til villtra laxfiskastofna, fugla, sjávarspendýra og annarra lífvera sem búa í námunda við eldissvæðin svo eitthvað sé nefnt.

©2021 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki sem mynda samstarf PricewaterhouseCoopers International Limited,sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.